

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 1582/2024, um greiðslupátttöku
sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

5. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðast svo: *Öryrki*: Handhafi örorkuskírteinis. Einstaklingur sem á rétt á sjúkra- og endurhæfingargreiðslum skv. 27. gr. laga um almannatryggingar nýtur sömu réttinda samkvæmt reglugerð þessari og handhafi örorkuskírteinis.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 29. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, öðlast gildi 1. september 2025.

Heilbrigðisráðuneytinu, 26. ágúst 2025.

Alma D. Möller.

Sigurður Kári Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 28. ágúst 2025